

Minnisblað - Staðfesting á skólasókn barna í grunnskóla (mnr. 2018100121)

Eitt af lögbundnum verkefnum fræðsluráðs sbr. 6. grein laga nr. 91/2008 um grunnskóla er að „að sjá til þess að öll skólaskyld börn sem rétt eiga á skólavist í sveitarfélaginu njóti lögboðinnar fræðslu.“

Þann 1. október 2018 voru 2.712 börn í grunnskólum Akureyrarbæjar. Skipting nemenda eftir bekkjum og skólum er sem hér segir:

Bekkur	F.ár	Fjöldi
1	2012	288
2	2011	235
3	2010	301
4	2009	271
5	2008	265
6	2007	273
7	2006	286
8	2005	252
9	2004	255
10	2003	286
		2712

Skóli	Fjöldi
Brekkuskóli	501
Giljaskóli	393
Glerárskóli	324
Grímseyjarskóli	3
Hlíðarskóli	16
Hríseyjarskóli	13
Lundarskóli	494
Naustaskóli	403
Oddeyrarskóli	192
Síðuskóli	373
2712	

Við yfirferð á skráningu kom eftirfarandi í ljós:

- 17 börn eru skráð í grunnskóla bæjarins sem ekki hafa lögheimili á Akureyri
- 52 börn eru skráð með lögheimili á Akureyri en eru ekki skráð í grunnskóla bæjarins

Gengið hefur verið úr skugga um að börn sem ekki eiga lögheimil á Akureyri en eru skráð í grunnskóla eru með erlent ríkisfang, eru nýflutt til bæjarins eða sækja skóla utan lögheimilssveitarfélags með samþykki sviðsstjóra. Börn sem skráð eru með lögheimili á Akureyri en eru ekki skráð í skóla bæjarfélagsins eru í skólum í öðrum sveitarfélögum, komin í framhaldsskóla eða búsett erlendis.